

Alþingi  
Erindi nr. P 136/945  
komudagur 27.2.2009

Nefndasvið Aipingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 25. febrúar 2009  
RH/SLB/007/09

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða o.fl., með síðari breytingum. 321. mál.**

Vísað er til bréfs, dags. 20. febrúar 2009 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Framlagt frumvarp gerir aðallega ráð fyrir útgreiðslu séreignarsparnaðar á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010.

Tryggingastofnun þakkar fyrir að fá að koma að umsögn vegna ofangreinds lagafrumvarps. Tryggingastofnun leyfir sér að vísa til þess að stofnunin gaf umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða 279. mál, þann 20. febrúar sí. Sama umsögn á við en Tryggingastofnun vildi þar koma því á framfæri að greiðsla séreignarsparnaðar eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi getur haft áhrif á greiðslur til bótáþega. Útgreiðsla séreignarsparnaðar hefur ekki áhrif á greiðslu elli-, örorku og endurhæfingarlífeyris né heldur á greiðslu tekjutryggingar sbr. 3. og 4. mgr. 16. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007. En greiðslan myndi hafa áhrif á greiðslur frækari uppbóta til lífeyrisþega Tryggingastofnunar skv. 9. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007, sbr. reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót og frækari uppbætur skv. lögum um félagslega aðstoð með síðari breytingum og reglugerð nr. 878/2008 um sérstaka uppbót til framfærslu lífeyrisþega með síðari breytingu.

Virðingarfyllt,

  
Sigfour Lilly Baldursdóttir  
forstjóri